

# **Ársskýrsla stjórnar LH.**

**Starfsárið 1982-'83  
Reikningar  
ársins 1982**



# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

SNORRABRAUT 54 — 105 REYKJAVÍK — SÍMI 2 90 99



## Efnisyfirlit ársskýrslu stjórnar L.H. 1982-1983

	bls.
1. Stjórn L.H. 1983 .....	1
2. Starfsmenn og skrifstofa.....	2
3. Svæðisfundir.....	3
4. Útgáfa og fræðsla.....	4
5. Hestar l.tbl. 1983.....	5
6. Umsóknir um íslandsmet 1982-1983 .....	5
7. Reiðvegafé .....	6
8. "Dagar hestsins" í Laugardalshöll .....	7
9. Reiðskólastyrkur.....	8
10. Reiðskóli ríkisins og reiðhallarbygging.....	9
11. Frostmerkingar hrossa.....	9
12. Hesturinn okkar.....	10
13. Tölvuvinnsla.....	11
14. Kvikmyndin "Hófaspil" L.M.1982.....	11
15. Launakjör tammingamanna F.T. .....	12
16. Ettbók íslenskra hrossa.....	13
17. Um aðild Íslands að F.E.I.F. .....	14
18. Skógarhólar.....	15
19. Ferðanefnd.....	18
20. Hesthúsbygginganefnd.....	19
21. Mótanefnd.....	20
22. Sýningarnefnd.....	21
23. Fræðslunefnd.....	22
24. E.M.- nefnd .....	24
25. Ársskýrsla íþróttaráðs L.H. .....	25
26. Fjórðungsmót á Norðurlandi.....	28
27. Ársreikningur L.H. 1982 .....	29
28. Rekstrar- og efnahagsreikningur H.o. .....	33
29. Árgjöld sambandsfélaga 1982 .....	36
30. Besti árangur kappreiða 1983 .....	38

SKÝRSLA STJÓRNAR LANDSSAMBANDS HESTAMANNAFÉLAGA  
STARFSARIÐ 1982 - 1983

1. STJÓRN.

Á starfsárinu 1982 - 1983 skipuðu eftirtaldir stjórn Landssambands hestamannafélaga:

Aðalstjórn:

Formaður:	Stefán Pálsson, Kópavogi.
Ritari:	Sigurður Haraldsson, Kirkjubæ, Rangárvöllum.
Féhirðir:	Gísli B. Björnsson, Reykjavík.
Meðstjórn:	Skúli Kristjónsson, Svignaskarði, Borgarfirði. Egill Bjarnason, Sauðárkrúki.

Varastjórn:

Varaform.:	Kristján Guðmundsson, Reykjavík.
Vararitari:	Árni Magnússon, Akureyri.
Varaféhirðir:	Árni Guðmundsson, Beiganda, Borgarhr. Mýrasýslu.
Varameðstj.:	Guðrún Guðmundsdóttir, Egilsstöðum. Birgir Guðmundsson, Selfossi.

2. STARFSMENN OG SKRIFSTOFA L.H.

Starfsemi skrifstofunnar er nú komin í nokkuð fastan farveg og verkefnin þar leyst eftir fremsta megni.

Á árinu voru haldnir 15 stjórnarfundir. Tveir þeirra með aðal- og varastjórn. Sá fyrri í nóvember þegar farið var yfir ályktanir síðasta ársþings og skipaðar nefndir í einstök verkefni en sá síðari í maí þegar gerð var úttekt á störfum nefnda og rædd verkefni líðandi stundar. Ég tel rétt að boða varastjórn einnig til funda, með því móti eru nánari tengsli bæði aðal- og varastjórnar, og félöginn geta mun betur fylgst með því sem er að gerast hverju sinni.

Mörg verkefni hefur skrifstofan fengist við á árinu þ.e. vetrarstarfið og skipulagning þess þar með talinn undirbúningur ýmissa nefndarfunda sem haldnir eru á skrifstofunni auk stjórnarfunda, undirbúningur og frágangur að auglýsingablaðinu Hestar, sem skapar grundvöll undir rekstur skrifstofunnar í núverandi mynd og undirbúningur að ársþingi sem krefst gífurlega mikillar vinnu á stuttum tíma. Þá er reynt að leysa dagleg verkefni eins og kostur er.

Einn starfsmaður er ráðinn í fullt starf, Sigurður Ragnarsson, sem starfað hefur í rúmt ár, en auk þess er símastúlka við skiptiborð og annast vélritun, en skrifstofan er opin alla daga á venju-

legum skrifstofutíma frá kl. 9 - 5. Þá hefur skrifstofan annast útvegun reiðkennara, dómara og ýmissa starfsmanna sem sinna tíma-bundnum verkefnum fyrir L.H. í tengslum við námskeið á þess vegum, auk aðila sem ráðnir eru til verkefna s.s. viðhalds á Skógarhólum, framkvæmda vegna áningarástaða o.fl. Þá er skrifstofunni ætlað að vera til upplýsinga og þjónustu við þau félög sem þess óska og er ánægjulegt til þess að vita hve margir formenn hafa samband við skrifstofuna, þótt erfitt sé að halda stöðugu sambandi.

Útgáfumál eru vaxandi og dreifing efnis, bæði hvað varðar fréttæfni og upplýsingar. Æskilegt væri að ráða erindreka sem gæti tekið sér ferðir um landið og skapað nánari tengsl skrifstofu við félögini og kynnt ýmis mál önnur. Reynt hefur verið með svæðis-fundum að koma til móts við þessa þörf, en tveir fundir voru haldnir á árinu á vesturlandi í Borgarnesi og norðurlandi að Hólum í Hjaltadal. Almenn ánægja er með þetta fyrirkomulag.

Útvegen fræðsluefnis er í höndum skrifstofu og verður að segja að ekki er um auðugan garð að gresja. Verulega vantar fræðsluefni, bæði kvíkmyndir og videomyndir og einnig ritað mál. Gefinn var út listi yfir fyrirlesara og fræðara sem félögini höfðu aðgang að. Var talsvert leitað til þeirra og þeirra heimsóknnum vel tekið. Samskipti við erlend hestamannafélög fara vaxandi, og æ meir leitað eftir álti Íslands um ýmsa málaflokka er varðar ræktun, dómaramál og samstarf á ýmsum sviðum, m.a. Útvegen kynbóta- og keppnisdómara, auk funda og ráðstefna sem nauðsynlegt er að taka þátt í. Má reikna með að þetta fari enn vaxandi er fram líða stundir.

Samtök á borð við L.H. hafa fulla þörf á að reka sína eigin skrifstofu sem miðpunkt um allt sem viðkemur hestamennsku og félagslegum þáttum hennar enda hafa hestamenn og félagar innan L.H. óspart notað sér þá aðstöðu til upplýsinga og þjónustu. Hitt er víst að erfitt er að koma dæminu fjárhagslega saman, þar sem árgjöld eru yfirleitt ekki greidd fyrir en að ári loknu frá því það er ákveðið. Það gefur auga leið að miðað við þá óðaverðbólgu sem við búum við eru þeir fjármunir rýrir sem inn koma með þeim hætti. Í lagafrumvarpinu sem lá fyrir s.l. þingi og er enn lagt fyrir þetta þing, er gert ráð fyrir úrbótum á þessu sviði, þannig að reiknað er með að árgjöld greiðist í mai ár hvert. Vonandi er að þingi okkar auðnist að afgreiða fyrirliggjandi lagafrumvarp. A árinu var farið fram á við hestamannafélögini að þau greiddu hluta árgjalds s.l. vor, nokkur urðu við þeim óskum og ber að þakka það.

Á árinu mættu fulltrúar frá L.H. á ýmsa fundi svo sem fund sem haldinn var í Reykjavík 15. ágúst um hrossaeign, hrossabheit og land-nýtingu. Á þeim fundi voru fulltrúar frá landbúnaðarráðuneyti, Búnaðarfélagi Íslands, Landgræðslu ríkisins, Framleiðsluráði landbún-aðarins, Stéttarsambandi bænda og Hagsmunafélagi hrossabænda auk L.H. Bent er á þennan fund þar sem miklar umræður fóru fram á árinu um hrossabheit og öfgafullan áróður í fjölmíðlum gegn hrossum, þar sem fullyrt var, án athugana, að fækka beri hrossum um að minnsta kosti þriðjung. Niðurstaða þessa fundar var eftirfarandi ályktun:

"Fundurinn samþykkir m.a. vegna þeirra umræðna sem átt hafa sér stað í fjölmíðlum að undanförnu að fara þess á leit við land-búnaðarráðherra, að hann láti kenna markaðshorfur fyrir hross og hrossakjöt og hvort hrossastofninn í landinu sé við hafi miðað við markaðsmöguleika og hæfilega landnýtingu. Niðurstaða þessarar athugunar verði notuð til leiðbeiningar og ákvarðanatöku varðandi þessi mál".

Við hestamenn hljótum að krefjast þess að fyrst séu hlutirnir athugaðir af bestu manna yfirsýn síðan séu gerðar ráðstafanir, ef þeirra er þörf

### 3 SVÆÐISFUNDIR

Tveir svæðisfundir voru haldnir á árinu, í Borgarnesi 11. mars fyrir vesturland og á Hólum í Hjaltadal 15. apríl fyrir norðurland.

Meiri hluti stjórnar mætti á báða fundina svo og framkvæmdastjóri á fundinn í Borgarnesi.

Fulltrúar stjórnar fóru yfir helstu málefni sem unnið er að á vegum stjórnar og skrifstofu.

Báðir fundirnir voru mjög gagnlegir, skipst var á skoðunum og mál skýrð eftir fögum. Á hvorum fundi voru um 30 manns.

#### 4. ÚTGÁFA OG FRÆÐSLA

Skrifstofan hóf útgáfu fréttabréfs sem kallast "Með jóreyknum" og virðist eiga vinsældum að fagna meðal félaga. Blaðið var sent formönnum, en það er til upplýsinga um það helsta sem er að gerast í stjórni og skrifstofu. Hestaskírteini komu út á árinu, en sala verið dræm. Vonandi vaknar áhugi manna brátt á því að skrásetja hesta sína á þessi spjöld sér til ánægju og glöggvunar.

Í fræðslumálum er sem fyrr segir ýmsar hugmyndir á lofti og m.a. leitað eftir ábendingum frá hestamannafélögunum um hvernig megi auka fræðsluna. Það efni sem til boða stendur er að vísu ekki stórbrotið og eru enn í gangi athuganir hvernig best megi nýta hinrar gömlu kvik-myndir L.H. Kemur þá helst til greina að gera videoupptökur sem félöginn geti fengið leigðar. Áður en til þess kemur verður þó að undirbúa þá framkvæmd m.a. vegna þess að engar hljóðupptökur eru til með myndunum. Gæti því orðið nokkur kostnaður við að framkvæma videoupptökur af þessu tagi.

Skrá yfir fyrirlesara með áhugaverð efni fyrir hestamenn á fundum mun verða útbúin og þar m.a. stuðst við óskir og ábendingar sem berast.

Útgáfumálin eru stöðugt í endurskoðun og þá helst að nefna járnningabækling, upplýsinga- og leiðbeiningabækling fyrir börn og unglings sem nota mætti í tengslum við námskeið fyrir byrjendur.

Ýmis námskeið eru á döfinni og þá helst þau sem oft áður hafa verðið nefnd; járnninganámskeið og videonámskeið sem ekki hefur tekist að koma af stað. Reiknað er með öðru námskeiði fyrir leiðbeinendur og jafnvel framhaldsnámskeiði. Dómaranámskeið eru einnig til athugunar bæði fyrir gæðinga- og íþróttadómara. Verður tíminn að leiða í ljós hvort eitthvað eða allt þetta verður framkvæmt, en til þess þarf að styrkja fjárhag L.H. verulega.

Auglýsinga- og kynningarblaðið Hestar 1. tbl. 1983 kom út í júní og var upplagið um 15.000 eintök.

Lög og reglur L.H. Reiknað er með að gefa út viðbætur við lög og reglur annað hvert ár. Dreifing laganna er orðin nokkuð mikil og enn er nokkurt upplag sem til sölu er á skrifstofu L.H.

Íþróttaráð L.H. gaf út endurskoðaðar íþróttar- og keppnisreglur sem seldar voru á vegum íþróttadeilda og hestaíþróttamanna. Þá komu einnig út endurskoðuð lög fyrir keppnisreglur á Evrópumótum F.E.I.F. á vegum íþróttaráðs.

Þá var fundargerð ársþings 1982 gefin út og send öllum þingfulltrúum.

#### 5. HESTAR 1. tbl. 1983

Sem fyrr segir kom blaðið út í júní og yfir 100 einstaklingar og fyrirtæki áttu auglýsingar í blaðinu. Áætlaðar tekjur eru kr. 357.998,- og kostnaður mun vera kr. 160.343,-. Mismunur til L.H. kr. 197.655,- ef allar auglýsingar greiðast. Blaðið var sent út um allt land og verður ekki annað séð en dreifing hafi tekist vel. Blað sem þetta styrkir verulega rekstur samtakanna ef vel tekst til, jafnframt því að vera fjárhagslegur bakhjalr, þá er það mikil auglýsing fyrir hestamennsku í landinu. Æskilegt væri að fleiri auglýsendur væru af landsbyggðinni og að félöginn ófluðu þeirra. Með einni allsherjar samvinnu væri hægt að skapa stórfellda fjároflun til styrktar L.H., en tilgangur með auglýsingablaðinu er einmitt sá að kynna L.H. og hestamennsku langt út fyrir raðir hestamanna sjálfra.

#### 6. UMSÓKNIR UM ÍSLANDSMET

Tvær umsóknir hafa borist stjórni L.H. um staðfestingu meta það sem af er þessu ári. Fóru bæði hlaupin fram á Vindheimamelum 11.07. á landsmótinu 1982.

Í 300 m brokki, Fengur frá Ysta-Hvammi, Suður-Þingeyjarsýslu 11 v. á tímanum 31,0 sek.

Í 150 m skeiði, Torfi frá Hjarðarbæ, Skagafjarðarsýslu, 6 v. á tímanum 14,7 sek.

Eigandi beggja hestanna er Hörður G. Albertsson, Reykjavík.

Stjórni L.H. staðfesti met Fengs í 300 m að undangenginni umfjöllun kappreiðanefndar L.H., en hafnaði umsókn í 150 m skeiði, enda stendur staðfestur tími Barkar, Ragnars Tómassonar 14,2 sek. í þessari keppnisgrein.

## 7. REIÐVEGAFÉ

Um reiðvegavé fyrir árið 1983 sóttu 16 félög alls. Umsóknarfrestur var til 1. des. '82 en var framlengdur til 10. des. Úpphæð til skiptanna varð alls 245.000,- og var skipt niður á félögin 16. Var þar tekið tillit til eftirfarandi atriða.

1. Reynt er að sinna öllum umsóknum hestamannafélaga sem berast innan umsóknartíma.
2. Metin er greinargerð með umsókn, er fjallar um framkvæmdina, tímaáætlun og kostnað.
3. Litið er á úthlutun yfir nokkurt árabil og metin þýðing framkvæmda hjá hverju félagi fyrir sig.
4. Þá er tekið tillit til þeirra félaga sem næst eru fjórðungsmótum hverju sinni.

Þessar eru meginreglurnar sem stjórn L.H. fer eftir hverju sinni og ákvörðun tekin sameiginlega. Verðbótapáttur er síðan til viðbótar upphaflegu upphæðinnar og var að þessu sinni jafnað niður á félögin hlutfallslega. En til endanlegrar úthlutunar komu kr. 300.000,-

Eftirtalin félög fengu styrki:

Félag	Upphæð í kr.	Félag	Upphæð í kr.
Andvari .....	12.000,00	Gustur .....	15.000,00
Freyfaxi .....	12.000,00	Sindri .....	12.000,00
Hornfirðingur .....	37.000,00	Geysir .....	14.000,00
Léttir .....	17.000,00	Smári .....	12.000,00
Sleipnir .....	14.000,00	Léttfeti .....	12.000,00
Stígandi .....	12.000,00	Hörður .....	15.000,00
Fákur .....	20.000,00	Funi .....	17.000,00
Máni .....	12.000,00	Snæfellingur ..	12.000,00
Samtals kr. 245.000,00			

Umsóknarfrestur v/fjárveitingar 1984 er til 1. des. n.k.

## 8. "DAGAR HESTSINS" Í LAUGARDALSHÖLL

Rétt fyrir áramótin '82/'83 varð til sú hugmynd að frumkvæði Agnars Tryggvasonar og Gunnars Bjarnasonar hvort efna mætti til samstarfs hagsmunaaðila í ferðamálum og samtaka hestamanna um stóra og veglega hestasýningu.

Tilgangur sýningarinnar væri vegleg kynning á íslenska hestinum gagnvart öllum almenningi líkt og tíðkast víða erlendis en forsandan væri að sú sýning væri innanhúss og það í góðu húsneði.

Á tveimur fundum þar sem fjallað var um þessa hugmynd voru mættir fulltrúar frá 10 félögum og fyrirtækjum, m.a. frá Ferðamálaráði, Flugleiðum, Búnaðarfélagi Íslands og Landbúnaðarráðuneytinu.

Fulltrúar L.H. voru Stefán Pálsson og Sigurður Ragnarsson.

Undirbúningsnefnd var skipuð til að kenna hánar möguleika á nokkurra daga sýningu í Laugardalshöll, þá nefnd skipuðu Gunnar Bjarnason, Agnar Tryggvason, Sveinbjörn Dagfinnsson og Gísli B. Björnsson.

Nefndin vann af krafti og fékkst Laugardalshöllin á leigu um Hvítasunnuna (20/5 - 23/5).

Allmikil vinna var fólgin í því að finna lausn á frágangi á gólfvi hússins, þennig að skemmdum mætti forða, hestar gátu hreyft sig af fullum krafti og kostnaður yrði sem minnstur. Tilraunir voru gerðar með gólfefni og töldu menn sig hafa fundið góða lausn þegar fyrir lauk.

Kostnaðaráætlun fyrir sýninguna hljóðaði upp á 1200 þúsundir (1,2 millj.) en tekjuliðurinn var talinn geta sveiflast frá lægst 6-700 þús. upp í einhvern hagnað, en aðsókn hefði þá þurft að vera um 6.-8.000 gestir.

Nefndin taldi forsendur fyrir því að af þessu gæti orðið að fjárhagsleg bakábyrgð Fengist fyrir 5-800 þús. krónum. Leitað var til nokkurra fyrirtækja sem tengjast markaðsmálum í landbúnaði og ferðaiðnaði með þátttöku ef til taps kæmi. Undirtektir þeirra voru litlar, boríð var fyrir að fjárhagsáætlanir fyrirtækjanna væru frágengnar, sem sagt bækstuðningur fékkst ekki í þetta sinn svo menn voru sammála um að fresta frekari aðgerðum.

Undirtektir hestamanna um þátttöku voru í flestum tilfellum hinat bestu, úrtöluraddir heyrðust þó.

Danir efndu í fyrsta sinn til samskonar innanhússýningar  
HEST & PONY síðast í janúar.

Sú sýning stóð í þrjá daga og varð aðsókn langt umfram bestu vonir, um 50 þúsund manns sóttu þá sýningu og þótti hún takast mjög vel. Hún fékk t.d. mikla fjölmíðlaathygli.

## 9. REIDSKÓLASTYRKUR

Stykur til L.H. af hálfu hins opinbera hefur í gegnum tíðina verið tvískiptur. Starfsstyrkur var kr. 2.000,00 í fyrra og reiðskólastyrkur kr. 3.000,00.

Á þessu ári ákvað stjórn L.H. að láta á það reyna við fjárveitingarnefnd Alþingis, hvort hægt væri að fá þessa upphæð hækkaða. Var ritað bréf þess efnis til nefndarinnar í janúar, auk þess sem beðið var um viðtal við nefndina í sama tilgangi.

Þegar svo viðtal var veitt, gengu fjórir stjórnarmenn á fund nefndarinnar og lögðu fram erindi sitt. Athygli vakti að einungis einn alþingismaður af sjö mætti til fundarins og báru menn upp erindi sitt við hann og var m.a. lagt til að starfsstyrkur og reiðskólastyrkur yrðu sameinaðir í einn reiðskólastyrk og hann stórhækkaður eða í að minnsta kosti kr. 150.000,00 þar sem mikil þörf væri á aukinni leiðbeiningu í reiðmennsku og bent á að hluti af þeim verkefnum sem Reiðskóla ríkisins er ætluð í framtíðinni fer nú fram á vegum L.H. og leiðbeinenda úr röðum hestamanna. Árangur af þessari för varð sa að reiðskólastyrkur var tvöfaldaður eða í kr. 10.000,00 alls sem rann síðan til námskeiða fyrir leiðbeinendur og haldið var í Kópavogi í vetur. Þykir mönnum að vonum að alþingismenn meti lítið það starf sem L.H. hefur reynt að móta og halda uppi til fræðslu í hestamennsku fyrir börn, unglunga og byrjendur.

## 10. REIDSKÓLI RÍKISINS OG REIDHALLARBYGGING

Allmiklar umræður hafa orðið á þessu ári um reiðskólann og reidhollarbyggingu. Upphafið má rekja til tillögu Ólafs Þ. Þórðarsonar, alþingismanns, er hann flutti tillögu þessa efnis á Alþingi. Málið hefur legið niðri um nokkra hríð, og fáir baráttumenn fyrir þessu á Alþingi. Nú síðast í vetur gerðist það að Sigurður Líndal, bóndi og fulltrúi á Búnaðarþingi, flutti tillögu á Búnaðarþingi um stofnun reiðskóla, sem vísað var í nefnd til að vinna að framgangi málsins. Í þeirri nefnd eiga sæti:

Gísli Ellertsson, Meðalfelli, formaður,  
Magnús Sigsteinsson, Blikastöðum og  
Sigurður Líndal.

Nefndin hefur haldið nokkra fundi og m.a. kallað á sinn fund formenn ýmissa samtaka hestamanna, til að heyra áhuga og kanna viðhorf þeirra. Hefur verið rætt um stærð og staðsetningu, hugsanlenga nýtingu og möguleika á kennslu innan slíkrar byggingar. Þá hefur verið kannað hvaða gerð húss væri hentug, bæði með tilliti til byggingarhraða og styrkleika.

Fjármögnun slíks fyrirtækis er auðvitað stærsti vandinn og hafa ýmsir þættir verið ræddir og kannaðir. Má helst nefna að menn vita að í sjóði af sölu kjarnfóðurs eiga hestamenn inni óráðstafaða fjármuni því hugsað var í upphafi, þegar kjarnfóðurgjaldið var lagt á, að hver búgrein nytí að verulegu leyti þeirrar gjaldtöku.

## 11. UM FROSTMERKINGAR HROSSA

Frostmerking hrossa hérlandis hefur nú staðið í rúmt ár. Á þessum tíma hafa verið frostmerkt 352 hross og þau einnig skrásett og tölvufærð á tölvu Búnaðarfélags Íslands.

Reynslan eftir þetta fyrsta ár virðist lofa góðu og er hér tvímælalaust um að ræða merkingaraðferð og kerfi sem dugir fullkomlega til að merkja hross varanlega og tryggja það að eigendur þannig merktra hrossa geta sannað eignarrétt sinn á auðveldan hátt.

Þegar eigendaskipti frostmerktra hrossa verða, á skráningarblaðið að fylgja hestinum og eigendaskiptin þarf að tilkynna til Búnaðarfélags Íslands, svo að eigendaskráin sé ávallt rétt. Benda má á að hestaskírteini L.H. eru einkar vel til þess fallin að nota jafnhliða þessu og hafa menn þá alveg fullkomna skráninu og heimildir um útlit hestsins, auk framangreindra merkinga.

## 12. HESTURINN OKKAR

Frá síðasta ársþingi hafa ekki miklar breytingar orðið á högum Hestsins okkar, að undanskilinni afgreiðslunni, ritnefnd er hin sama og ritstjóri einnig.

Áskriftarfjöldi er líkur, heldur bætist þó alltaf við. Allmikil vinna hefur verið lögð í að ná til óskilamanna og ná þar með inn áskriftargjöldum. Það verk er þungt að sækja, en nýlega var fínkembdur nafnalisti þeirra sem í vanskilum eru og ræðst þá nokkuð um framtíðarhag blaðsins.

Fjárhagur blaðsins hefur verið nokkuð traustur, enda hafa margir velvildarmenn blaðsins lagt fram óeigingjarna vinnu án þóknunar.

Útgáfa tímarita á nú mjög í völk að verjast vegna sívaxandi útgáfukostnaðar. Frá fyrstu tíð hefur verið vandað til útgáfu blaðsins og er það einn einlægur ásetningur ritnefndarinnar. Í þessu augnamiði hafa nú að undanförnu verið litmyndir á innsíðum blaðsins.

Afgreiðsla blaðsins hefur frá fyrstu tíð verið í öruggum höndum Bergs Magnússonar en hann lést skyndilega 1. maí s.l.

Þar sér Hesturinn okkar á bak einum öflugasta stuðningsmanni sínum og vill ritstjórni nú þakka alla umhyggju hans fyrir blaðinu og farsæla umsjá.

Nú í veturnar rennur út samningur sá, sem gerður var milli L.H. og Fáks um aðstöðu fyrir Hestinn okkar í Félagsheimili Fáks. Er nú verið að leita eftir húsnæði í næsta nágrenni við skrifstofu L.H. á Snorrabraut.

## 13. TÖLVUVINNSLA OG FÉLAGASKRÁ

Um þróun félagaskrárinnar er það að segja að þar hefur L.H. ráðist í nokkuð stórt verkefni. Aðalkostur þess er að félögin geta beðið um útskrift á límmiðum og félagalista sem hægt er að breyta og bæta við hvenær sem er. Megin vandinn er hins vegar sá að félögin standa oft ekki nágilega vel að upplýsingum um t.d. nafnnúmer og breytt heimilisföng, þannig verður tölvuútskriftin aldrei betri en þar upplýsingar sem sendar eru inn.

Nefna má að mörg félög innheimta árgjöld með giró sem bankar sjá um og notuð er tölvuútskrift við samanburð og útskrift. Greiða félögin þá einungis verð hvers giróseðils en bankinn sér um skráningu og innheimtu. Þá geta félögin fengið límmiða, er senda á út fundargerðir o.fl.

Til að fullkomin þjónusta fáist, er hér með skorað á öll hestamannafélögin að koma góðu lagi á félagatalið hvert fyrir sig og senda skrifstofu L.H.

## 14. KVIKMYNDIN HÓFASPIL, LANDSMÓT 1982

Í veturnar lauk gerð kvíkmyndar L.H. og Kvik s.f. um Landsmótíð 1982 á Vindheimamelum. Heildarkostnaður varð kr. 200.151,00 og styrkir námu um kr. 100.000,00 auk sýningar í sjónvarpi sem gaf kr. 100.000,00.

Hugmyndin er að gefa myndina út á myndböndum og bjóða til leigu eða sölu auk þess eintaks, 16 mm kvíkmyndar, sem til boða stendur hestamannafélögum til afnota á fræðslu- og kynningarkvöldum.

Er hér með þakkað þeim aðilum sem gerðu það kleift að framleiða myndina, en án styrkja og sýningar í sjónvarpi hefði ekki verið kleift að gera heimildarmynd um þetta eftirminnilega landsmót 1982.

15. UM LAUNAKJÖR TAMNINGAMANNA.

Launakjör tamningamanna skv. samkomulagi F.T. og L.H. frá  
29. jan. 1982 framreknuð miðað við vísitölu í október 1983.  
Laun í október 1983.

Grunnlaun .....	kr. 13.660,50
+ 10% álag .....	- 1.366,00
	kr. 15.026,50
+ 10,17% orlof .....	- 1.528,00
	16.554,50
Dagpen. v/fæðis kr. 45,00	
pr. dag	
Lifeyrissj.gj. 4% af launum kr. 662,00	
Til útb. launa kr. 15.892,50	

Fæðispeningar miðast við búsetusvæði, annars samkvæmt samkomulagi hverju sinni. Ef tamningamanni er séð fyrir fæði, falla þessar greiðslur niður.

Tamningamaður skal fá greiddan ferðakostnað til og frá vinnusvæði er starfstímabili lýkur, sé hann ekki búsettur á svæðinu.

Tamningamönnum skal sérstaklega á það bent að vera tryggðir í starfi, enda er álagsgreiðsla hugsuð til m.a. tryggingagjalds.

Samningur þessi gildir einvörðungu fyrir félaga í F.T.

Tamningamaður skal eigi missa neins af launum, í hverju sem þau eru greidd, í two daga fyrir hvern unnninn mánuð í veikindao og slysatilfellum.

Félagar í F.T. skuldbinda sig til að láta sérstaka tamningaskýrslu fylgja hverju hrossi, þegar því er skilað úr tamningu.

F.T. lætur útbúa sílka skýrslu sem staðfest sé af stjórn L.H.

16. ATTBÓK ÍSLENSKRA HROSSA

Um síðustu jól komu út tvær attbækur um íslensk hross. Var önnur gefin út af Búnaðarfélagi Islands og skráð af Þorkeli Bjarnasyni hrossaræktarráðunaut B.I., en hin var gefin út af Gunnari Bjarnasyni fyrrv. hrossaræktarráðunaut B.I.

Voru bækurnar báðar byggðar á sömu forsendum, þ.e. um stóðhesta sem dæmdir hafa verið, skr. nr. 665-963. Var bók Þorkels f. bindi í bókarröð sem B.I. hyggst gefa út á næstu árum, og byggðar á skýrslum ráðunauta, en attbók og Saga Gunnars Bjarnasonar er að vísu byggð á skýrslum Þorkels Bjarnasonar en með sögulegu ívafi höfundar á löngum ferli sem ráðunautur í kynbótum og sölu íslenskra hesta. Ritverk Gunnars Bjarnasonar er nú 4 bindi og geysimerkileg heimild um sögu hestsins á 20. öld, eins og bókartitill ber með sér.

Um nokkurt skeið hefur "Hesturinn okkar" tímarit L.H. gefið út nokkurs konar attbók með 4. tbl. ár hvert. Er það skýrsla ráðunautar B.I. í hrossarækt og nokkurs konar yfirlit með dómsorðum og einkunum yfir árið og árangur forskoðunar og dóma á mótum.

Halldór Gunnarsson frv. ritstjóri H.O. ritaði L.H. bréf þar sem hann óskar eftir að stjórn L.H. leiti skýringa hjá B.I. hvers vegna þessa þáttar sé hvergi getið né þeirra er lögðu fram þá frumvinnu að safna gögnum til að byggja verkið á. Einnig þess að í nokkrum tilvikum væri einkunum breytt miðað við áður birt dómsorð. Í svari B.I. kemur fram að bókin sé byggð á frumheimildum sem hrossaræktarráðunautur hafi undir höndum. Engar skýringar komu hins vegar fram hvænar þær breytingar hefðu átt sér stað eða á hvaða móti.

17. UM AÐILD ÍSLANDS AÐ F.E.I.F. (Evrópusambandi eigenda íslenskra hesta)

Um árabil hefur Island verið aðili að F.E.I.F. og í stjórn þess hafa átt sæti Gunnar Bjarnason, sem raunar stofnaði samtökin og Pétur Behrens sem verið hefur blaðafulltrúi þess. Gunnar hefur fram að þessu verið í sæti varافorseta, en er nú orðinn heiðursforseti sambandsins með sæti í stjórn. Innan F.E.I.F. eru ýmis mál til umfjöllunar sem varða samskipti, samstarf og kynningu milli eigenda íslenskra hesta í Evrópu. Aðildarlöndin eru nú 11 og Canada er með aukaaðild.

Samstarf landanna innbyrðis er nokkuð misjafnt t.d. hafa Norðurlöndin haft með sér vaxandi samstarf og orðið sér meira meðvitandi um sína stöðu gagnvart félögum á meginlandi Evrópu.

Aðild Íslands er þrípátt, L.H., B.Í. og Búvörudeild S.Í.S. Þrí fundir voru haldnir á árinu þar sem rædd voru helstu málefni varðandi samskipti Íslands við F.E.I.F. og samræmd sjónarmið. Þá fundi sátu frá hendi L.H. bæði aðal- og varamaður auk hinna fulltrúanna. En þar sem Sigurður Sæmundsson er formaður íþróttaráðs og íþróttamál eru mikil á dagskrá er um það samkomulag að hann sitji alla samstarfsfundu.

Stærsti viðburður innan F.E.I.F. eru Evrópumótin annað hvert ár og fulltrúafundir árlega, auk íþróttaráðstefna annað hvert ár.

18. SKÓGARHÓLAR

Skógarhólar og framtíð þeirra hefur lengi verið til umræðu hjá stjórn L.H. og á allmögum fundum verið fjallað um málið í von um að fá samning gerðan við þingvallanefnd.

Hefur lengst af verið mest samstarf á milli framkvæmdastjóra L.H. og þjóðgarðsvarðar, séra Heimis Steinssonar.

Allt frá því að núverandi framkvæmdastjóri hóf störf hjá L.H., hefur þetta mál verið í gangi meira eða minna. Í fyrstu með sambandi við séra Heimi og allmögum samtölum og viðræðum, en einnig með sambandi við Berg Magnússon meðan hann lifði. Var þá m.a. haldinn fundur með s.k. Samstarfsnefnd Skógarhóla, en það eru samtök 9-10 hestamannafélaga á suður og vesturlandi. Þingvallanefnd var skrifað bréf fyrir síðasta ársþing og þess óskað að hún taki málið á dagskrá og hægt væri að skýra frá skoðunum nefndarinnar á ársþinginu, en ekkert miðaði í málinu. Hinnt 27. janúar mættu varafomaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri L.H. á fundi þingvallanefndar og lögðu fram erindi sem í meginatriðum fól í sér eftirfarandi.

- Stefnt skal að gerð samnings um áframhaldandi afnot L.H. á Skógarhólum.
- Skógarhólar sem hugsanlegur mótsstaður stærri og minni móta, áningarstaður og útvistarsvæði.
- Bygging hreinlætisaðstöðu og umfjöllun sem fyrst um tillögu og teikningar.
- Umferð hestamanna og lokun Hestagjár.

Fljótlega kom í ljós, þrátt fyrir ítarlega kynningu af hálfu L.H. og óskir um möguleg afnot af staðnum til frambúðar, vildi nefndin ekki fallast á afnot hans til landsmótshalds og bar við viðkvænum gróðri og fleiru. Nokkrar frekari viðræður áttu sér stað milli einstakra nefndarmanna og stjórnarmanna L.H. auk þess sem framkvæmdastjóri og þjóðgarðsvörður héldu áfram undirbúningi frekari viðræðna, þar sem undirstrikuð var ósk L.H. um áframhaldandi samning til 25 ára og hugsanlegt landsmót auk fleiri þátta er snertu dvalar- og áningarstað. Niðurstaða viðræðna varð sú að þingvallanefnd óskaði eftir formlegu bréfi frá stjórn L.H. um óskir og afnot Skógarhóla. Það bréf sendi formaður L.H. þann 7. mars s.l., sem fer hér á eftir:

"Í framhaldi af fundi með yður og þjóðgarðsverði sr. Heimi Steinssyni var umtalað að vér sendum inn skriflega beiðni fyrir hönd Landssambands hestamannafélaga um áframhaldandi leigu á Skógarhólum, og í beiðninni kæmu fram helstu óskir vorar.

Eins og fram hefur komið fer Landssamband hestamannafélaga fram á að fá Skógarhóla leigða með svipuðum hætti og s.l. 25 ár, til næstu 25 ára. Þá fórum vér fram á að fá aukið land í landi jarðarinnar Svartagils, þar sem sú jörð er nú í eyði, nánar tiltekið tún og land milli túns og núverandi girðingar L.H. í Skógarhólum.

Sú starfsemi sem fyrirhuguð er í Skógarhólum er í fyrsta lagi áningar- og dvalarstaður ferðamanna á hestum, í öðru lagi hugsanleg námskeið í hestamennsku, í þriðja lagi sýningar og smærri mótt aðildarfélaga af Suður- og Vesturlandi og í fjórða lagi hugsanlegur landsmótsstaður 8. hvert ár. Þá er óskað eftir að fá að reisa snyrti-aðstöðu samkvæmt framlögðum hugmyndum Húsameistara ríkisins. Vér leggjum áherzlu á að fullt samráð verði við þjóðgarðsvörð varðandi framkvæmdir á staðnum og mótaðald, en ef um ágreining verður að ræða skeri Þingvallaneftnd úr.

Vér óskum heiðraðs svars yðar við fyrstu hentugleika þar sem brýnt er að hefjast handa nú í sumar".

Eftirfarandi svar barst 5. júní:

"Á fundi sínum í Þórshamri 2. júní s.l. gerði Þingvallaneftnd svolátandi bókanir um málefni Landssambands hestamannafélaga og Skógarhóla: "Þingvallaneftnd samþykktir að undirbúa samning við Landsamband hestamannafélaga um áframhaldandi leigu á Skógarhólum með þeim takmörkunum, að ekki verði stefnt þar að stórmótum, svo sem landsmóttum hestamanna. Nefndin telur að stefna beri að góðum áningarstað fyrir hestamenn í Skógarhólum eða grennd og óskar eftir sem beztu samstarfi við áhugamannafélög hestamanna um það markmið.

Nefndin felur þjóðgarðsverði að taka upp viðræður við Landsamband hestamanna um efni slíkra samninga og annað er lýtur að umferð hesta og að reiðmennsku á Þingvallasvæðinu".

Steinþór Gestsson óskaði eftir sérstakri bókun af sinni hálfu. Var hún þessi:

"Ég stand að þeirri samþykkt, sem nú er gerð, um beiðni L.H. um áframhaldandi leigu á Skógarhólum. Ég minni þó á tillögu mína um landsmótt 8. hvert ár, en fell frá henni til samkomulags, en vísa

um leið til bréfs formanns L.H. frá 7. mars s.l. varðandi það atriði".

Í samræmi við ofanritaðar bókanir fer ég þess á leit, að uppverði teknar viðræður um nýjan samning vegna skógarhóla hið fyrsta".

Afram hefur verið unnið að samningum um Skógarhólasvæðið. Í þeim drögum sem nú liggja fyrir er gert ráð fyrir áframhaldandi leigu til ársins 2005, þá er gert ráð fyrir sameiginlegri vörzlu og umhirðu þjóðgarðsvarðar og L.H. á svæðinu auk þess er gert ráð fyrir að kostnaður skiptist á bæði leigusala og leigutaka í ákveðnum hlutföllum vegna uppbyggingar. Drög þessi eru nú til endanlegrar samþykkta hjá Þingvallaneftnd. Fullyrða má, ef þessi drög verða samþykt, þá er það stórkostlegur árangur, ekki sízt varðandi hlutdeild leigusala í kostnaði við vörzlu og uppbyggingu staðarins.

Í sumar hefur verið talsverð umferð hestamanna á Skógarhóla, en beit hefur verið lítil. Húsin komu undan vetri í slæmu ásig-komulagi. Umgangur um staðinn er ekki til fyrirmynðar af hálfu ferðamanna, þótt sem betur fer komi líka margir sem taka til hendi og hreinsa upp rusl og farangursleifar sem oft vilja hlaðast upp, þrátt fyrir að reynt hefur verið að losa sorptunnur og búa þannig um að hægt er að skilja eftir rusl en ekki láta það liggja á viðavangi. Samvinna hefur verið við þjóðgarðsmenn og sorphreinsun eftir atvikum. Þá hefur framkvæmdastjóri farið nokkrum sinnum í sama tilgangi og hreinsað svæðið, en ávallt hefur sótt í sama farið að rusl hlaðst upp aftur. Verður ekki hægt að leysa þetta mál nema með því að ráða umsjónarmann með svæðinu, sem auk þess getur leiðbeint um beitarmöguleika og haft eftirlit með girðingum og umferð gesta á svæðinu.

## 19. FERÐANEFND

Í ferðanefnd störfuðu áfram þeir menn er kosnir voru á fyrra starfsári en þeir eru: Hjalti Pálsson, formaður, Ólafur Þórðarson, Stefán Pálsson, Sveinbjörn Dagfinnsson og Valdimar Jóhannesson.

Ferðanefndin hélt áfram að safna leiðalýsingum en formönnunum félaganna var ætlað að senda inn leiðalýsingar hver á sínu svæði. Það verður að segja að stjórnir hestamannafélaganna hafa brugðist að mestu í útvegum efnis. Á útliðnum vetri var nefndinni ljóst að heildarverkefnið var svo viðamikið að nauðsynlegt var að takmarka sig við einhvern ákveðinn landshluta til að þoka málinu áfram.

Ákveðið var að taka fyrir svæðið milli Þjórsár og Hvítár í Borgarfirði og gera tilraun með að fullvinna helstu leiðalýsingar á því svæði. Rætt var við Örlyg Hálfðánarson um hvort hans bókaútgáfa tæki að sér útgáfu ferðahandbóka. Hann var fús til að skoða málið. Þá hefur verið rætt við Árna Þórðarson, fyrverandi skólastjóra um að leitast við að samræma efni. Nú liggur fyrir að þessi landshlutin þ.e.a.s. svæðið milli Þjórsár og Hvítár hefur reynst viðameira en búist var við og borist mjög mikil efni í hendur formanns nefndarinnar. Sýnilegt er að lýsing á landinu öllu er margra ára verkefni.

## 20. HESTHÚSBYGGINGANEFND L.H.

Nefndin hefur komið all oft saman og haldið samtals 17 fundi, sem skráðir eru. Hefur mikil af efni safnast og margar gagnlegar upplýsingar fengist. Er stöðugt verið að vinna úr þeim og stefnt að útgáfu bæklings á þessum vetrí. Hafa nefndar-menn einnig unnið sjálfstætt að ákveðnum verkefnum á þessu svíði og megin kaflaskil munu nú liggja fyrir, en bæklingurinn mun væntanlega skipast í þessi megin atriði:

Skipulag hesthúsahverfa.

Lóð og umhverfi.

Innra skipulag hesthúsa.

Innréttningar.

Útlit hesthúsa.

Klæðningar og efnisval.

Einangrun og varmajafnvægi.

Loftræsting.

Vatnslagnir.

Rafkerfi.

Þá hefur nefndin einnig leitað samvinnu við Teiknistofu landbúnaðarins um teikningar af hesthúsum og ýmsa grunnvinnu vegna teikninga og tæknilegra atriða.

## 21. MÓTANEFND L.H.

Þær breytingar urðu á mótanefnd og kappreiðanefnd L.H., að þær voru gerðar að einni sameiginlegri nefnd er hefði tvö verk-svið. Niðurröðun mótsdaga og huga að nýbreyttni á móta haldi auk þess ráðgefandi fyrir stjórn vegna metaumsókná.

Nefndin hélt nokkra fundi og fjallaði um flest framangreind mál er upp hafa komið. Hafa nefndarmenn skipt með sér verkum og leitað eftir nýjungum og reynt í framkvæmd. Nefndin hefur reynt að koma betra skipulagi á framkvæmd móta, þannig að hlaup gangi hraðar fyrir sig í riðlum. Reynt hefur verið að undirbúa tímatöku á kappreiðum með tölvutökum, en það mál er á algeru frumstigi. Nefndin hafði í huga að framkvæma tilraunakappreiðar, en af því varð ekki, þar sem ekki vannst nægur tímí til undirbúnings.

Nefndin hefur lítillega fjallað um fræðslu- og æfinganámskeið fyrir kappreiðadómara. Er stefnt að því að halda slikt námskeið ef þátttaka verður næg.

Nefndin raðaði niður mótsdögum samkvæmt óskum félaganna. Vegna óska tveggja félaga um sama mótsdag, var ekki hjá því komist að skera úr um eftir þeirri meginreglu að mótsdagar rekist ekki á hjá nálægum félögum og þau félög hafi forgang að þeim dögum sem þau hafa áður haft.

Þá er nauðsynlegt að umsóknir um mótt berist mun fyrr en verið hefur og eigi síðar en í lok janúar, svo ágreiningur og annar vandi sem upp kann að koma hljóti nauðsynlega umfjöllun, enn fremur verður ávallt að hafa í heiðri þá meginreglu að hrófla sem minnst við hefð-bundnum mótsdögum hjá hinum einstöku aðildarfélögum L.H.

## 22. FRÁ SÝNINGARNEFND

9. maí kom sýningarnefnd Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt saman til fundar að Gunnarsholti en L.H. á sem kunnugt er two fulltrúa í þeirri nefnd.

Á fundi þessum gerði nefndin nokkrar samþykktir:

1. Fjórðungsmótin á árinu 1984 verði eigi síðar en þannig að á Austurlandi verði mótið 25. júní og á Vesturlandi eigi síðar en 9. júlí. Nefndin telur miklu varða að notkun beztu stóðhestanna í ræktuninni sé ekki torvelduð með þjálfun og sýningum langt fram eftir sumri.

2. Samþykktar voru eftirfarandi reglur um einkunnamörk á kynbótahrossum til skráningar í ættbók.

a) Stóðhestar nái 7,75 í heildareinkunn og fái ekki lægra einkunn en 7,60 fyrir byggingu eða hæfileika.

b) Hryssur nái heildareinkunninni 7,50 og fái ekki lægra en 7,30 fyrir byggingu eða hæfileika.

Hross sem fái lægra en 7,0 fyrir einhvern þátt byggingar, séu ekki tekin í ættbók.

3. Sýningarnefnd tekur undir hugmyndir um, að Búnaðarfélag Islands gefi út sérstakt rit árlega, þar sem m.a. verði birtir dómar kynbótahrossa og kynbótaeinkunnir samkvæmt tölvuvinnslu. Leggur nefndin til, að tekið verði upp í þessum tilgangi númerakerfi fyrir öll hross sem dæmd eru af kynbótanefndum.

4. Ekki sé skyld að foreldri sem dæmt er fyrir afkvæmi á fjórðungs- eða landsmótum, komi á mótsstað enda þótt sú regla sé þó æskilegust.

Ýmislegt fleira var á orði haft á þessum fundi sýningarnefndar en ekki þykir ástæða tilað svo komnu að greina frekar frá því.

Ástæða þykir til að beina því til Búnaðarfélags Islands, að birtar séu samþykktir sýningarnefndar í ritum félagsins, Frey og Búnaðarritinu.

### 23. ÁFANGASKÝRSLA FÆRDSLUNEFDNAR

Nokkrir fundir voru haldnir á starfsárinu og reynt að þoka þeim málum áfram sem nefndin fékk í arf frá fyrri nefnd, auk hugmynda og ábendinga er hún fékk í veganesti. Í nefndinni eru: Gísli B. Björnsson, Guðmundur Jónsson, Sigrún Sigurðardóttir, Sigurður O. Ragnarsson auk Sigurðar Ragnarssonar. Þau verkefni sem unnið er að eru eftirfarandi:

- Útgáfa fræðsluefnis: Járningabók eftir Sigurð O. Ragnarsson. Er þar um að ræða einfaldar, stuttar en greinilegar lýsingar og ábendingar um járningu og hirðingu hófa. Útgáfutími óákveðinn.

#### Endurútgáfa á gæðingakeppni:

Þetta efni krefst stöðugrar endurskoðunar og var einkum rætt um leiðbeiningar fyrir unglingsu.

#### "Hesturinn minn".

Var rætt um útgáfu 2. bindis, en engin ákvörðun tekin.

#### Námskeið á vegum L.H.

Námskeið fyrir dómara í gæðingakeppni, íþróttakeppni og kappreiðar. Var ákveðið að stefnt skuli að öllum þessum námskeiðum, sérstaklega þar sem tvö fjórðungsmót verða á næsta ári. Var ákveðið að óska eftir ábendingum frá þeim aðilum er þetta á við, þ.e. Dómarafélaginu, íþróttaráði og að hestamannafélögini sendi inn óskir um þjálfun kappreiðadómara. Námskeið í sjúkrajárnigum verði ekki auglýst nema að undangengnu loforði Sigurðar O. Ragnarssonar og Brynjólfs Sandholt um að tímasetja það og leggja fram kennsluáætlun er nefndin geti reitt sig á.

#### Videónámskeið verði haldið ef næg þáttaka fæst.

#### Erindi, fyrirlesarar og skemmtiefni:

Var talið að nafnalisti yfir fyrirlesara sem birtur var "Með jóreyknum" hafi gert sitt gagn og verið nokkuð leitað eftir fyrirlesurum þar. Var talið æskilegt að nefndin léti aftur gera sílika skrá og helst mun ítarlegri. Yrði hún birt svo fljótt sem auðið er.

Rætt um fréttabréf skrifstofu L.H., en það hefur nú verið sent út tvívar og alltaf til formanna. Kom það fram að nauðsynlegt væri að það kæmi miklu víðar fram, þar sem oft

væri um málefni að ræða sem formenn yrðu að kynna félögum og væru til að efla félagsstarfið. Rétt væri að senda öllum stjórnarmönnum félaganna blaðið.

#### 4. Gerð verði skrá yfir skemmti- og fræðsluefnin:

- Kvikmyndir á vegum L.H. og annarra.
- Rit og bækur um hestamennsku.
- Videómyndir, skyggjur og annað.

#### 5. Reiðskóli Íslands:

Drög að kennsluefnin verði til staðar, auk efnis sem unnið var á leiðbeinendanámskeiði í vetur. Leggur nefndin áherslu á að mörkuð verði samfelld markviss áætlun um kennslu í hestamennsku. Verði ávallt til staðar hæfir reiðkennrarar til að leiðbeina og kennslan og árangur verði í áfangakerfi frá A-B-C-D, allt eftir áhuga og óskum nemenda og hestamannafélaganna innan L.H.

Var samþykkt að stefna að öðru námskeiði fyrir leiðbeinendur og taka mið af síðasta námskeiði og athuga með óskir og eftirspurn þáttöku frá félögunum.

#### 6. Einstök viðfangsefni:

- Skráning kvíkmynda um hesta.
- Söfnun fána hestamannafélaganna.
- Skráning ljósmynda og lýsing á félagsbúningum félaga innan L.H.
- Söfnun ljósmynda úr hestamennsku.
- Gerð fræðsluefnis á myndbönd og einstaka þættir gefnir út til félaganna.

Af þessum verkefnum mun nefndin vinna að og þegar eru nokkrir í gangi. Þá þótti takast vel með námskeið fyrir leiðbeinendur og óskandi að það bæri árangur til að móta enn frekar starfið sem félögini inna af hendi í unglingsstarfi og félagslegu samspili við unglingsana og hestamennskuna í landinu. Nefndin ákskilur sér tíma til að ljúka þessum verkefnum til fulls, en ýmsa þætti verður vonandi hægt að kynna jafnhliða og þeim lýkur.

24. UM STÖRF E.M. NEFNDAR OG EVRÓPUMÓT 1983

Kosin var nefnd á s.l. hausti til að annast undirbúning og framkvæmd úrtöku vegna E.M. '83. Sátu í nefndinni tveir fulltrúar frá L.H., einn frá Búvörudeild SÍS. og tveir frá íþróttaráði L.H. Nefndin tók að sér að sjá um framkvæmd, undirbúning og fjárlögn.

Ötullega var unnið að framkvæmd úrtöku og setti nefndin fram lykil að úrvali til E.M. '83 og var valið í keppnissveit samkvæmt því. Úrtaka fór fram á Hellu 14.-15. júlí og sá íþróttadeild Geysis um undirbúning hennar ásamt nefndinni.

Æfingabúðir og þjálfun keppnisshesta var í Mosfellssveit og stóð í eina viku, eftir úrtökuna. Fjárlögn fór að mestu fram með frjálsum framlögum og var leitað til ýmissa fyrirtækja um stuðning sem var vel tekið. Var hlutur Flugleiða að sönnu stærstur og veittu þeir góða fyrirgreiðslu með flugmiða handa keppendum.

Árangur Íslendinga á E.M. var hreint frábær. Allir sjö keppendur komust í úrslit 1-10 og Ísland eignaðist Evrópumeistara í 5 gangi, auk fleiri afreka í ýmsum greinum.

Reynslan hefur sýnt að ýmislegt má gera betur en það drýgsta til árangurs er að nota tímann vel til undirbúnings milli Evrópumóta með markvissri þjálfun. Reynsla af fjárlögn var einnig ómetanleg og sýnir okkur að keppnissveit á E.M. á vísan stuðning íslenskra aðila og fyrirtækja ef eftir er leitað.

Nákvæmari skýrsla verður send stjórn L.H. innan tíðar.

Reykjavík 21. október 1983

Stefán Pálsson.

Gísli B. Björnsson. Sigurður Haraldsson.  
Egill Bjarnason. Skúli Kristjánsson.

25. ÁRSSKÝRSLA ÍÞRÓTTARÁÐS L.H. 1983

5. Ársþing íþróttaráðs L.H. var haldið laugardaginn 11. desember 1982. Þingið sátu 27 fulltrúar. Þar voru málefni hestaíþróttar rædd og lög og reglur endurskoðaðar. Þingið samþykkti eftirfarandi:

1. Reglugerð um aganefnd íþróttaráðs L.H. (nokkurs konar agadómstóll).
2. Lagabreytingar um stjórnarkjör. (stjórnarmenn kosnir til tveggja ára en formaður til eins árs).
3. Lagabreytingar um starfssvið íþróttaráðs (um dómarar- og stjórnendanámskeið).
4. Tilraunareglur um ístölt. (keppni á beinni braut með tímaböku á tölti).
5. Breytingar á stigaútreikningum í hestaíþróttum til einföldunar og þæginda fyrir mótmáldara).
6. Breytingar á dóumum í tölti. (taktur felldur inn í einkunn).
7. Breytingar á úrslitakeppni (röðun í stað einkunnargjafar).
8. Íslandsmóti ákvæðið á þremur stöðum í eftirfarandi röð, Vesturland, Norðurland og Suðurland og eigi færri en tvær deildir sjái um mótið.
9. Ályktun til undirbúningsnefndar fyrir EM '83 að úrtökumót verði þrjú.
10. Reglur um hindrunarstökk verði endurskoðaðar og keppt eftir þeim á Íslandsmóti '83.
11. EM '85 verði haldið á Íslandi.

Í lok þingsins var kjörin ný stjórn. Í henni eiga sæti:

Sigurður Sæmundsson, formaður, Geysi,  
Þorvaldur Ágústsson, varavormaður, Geysi,  
Gunnar Friðþjófsson, gjaldkeri, Sleipni,  
Guðmundur Jónsson, ritari, Herði,  
Guðbjörg Kristinsdóttir, meðstjórnandi, Gusti og  
varaemann Hallgrímur Jóhannesson, Mána og Ólafur Ærn  
Pétursson, Fáki.

Verkefnaskrá.

Hér á eftir er talið upp það helsta sem stjórnin hefur fengist við á þessu ári:

1. Stjórnin skipaði eftirtalda í aganefnd, Ærn Karlsson, Gusti, formann, Sigrúnu Sigurðardóttur, Gusti, Hallgrím Jóhannesson, Mána og til vara Svein Jónsson, Sörla. Sem betur fer þurfti aldrei að kalla saman aganefnd á þessu ári.

2. Skipaði 2 menn í framkvæmdanefnd fyrir EM'83 þá Gunnar Friðþjófsson og Valdimar Kristinsson. Sigurður Sæmundsson formaður íþróttaráðs L.H. var sjálfskipaður formaður nefndarinnar.

3. Formaður fór á ráðstefnu ísl. hestasambanda á Norðurlöndum í Oslo, 12. mars var þar lögð drög að nánara samstarfi í framtíðinni. Einnig sat fulltrúi Íslandsráðstefnu um dómaramál hjá F.E.I.F. var það Reynir Aðalsteinsson.

4. Ritara var falið að endurskoða lög og reglur íþróttaráðs og koma inn breytingum ásamt endurskoðuðum reglum um hindrunarstökk. Einnig var honum falið að þýða nýja útgáfu af IPO reglunum (alþjóðlegum keppnisreglum F.E.I.F.) gerði hann þetta og létt prenta í tveimur aðgengilegum bæklingum.

5. Endurhæfinanámskeið fyrir dómara var haldið, einnig námskeið fyrir verðandi dómara og útskrifaðir 18 nýir dómarar í hestaíþróttum. Fyrirhugað er að halda námskeið á Norðurlandi í vetrarbyrjun.

6. Stjórn íþróttaráðs og stjórn L.H. héldu sameiginlegan fund um samstarfið og skýrðust þar ýmsir hlutir meðal annars fjármál og staða íþróttaráðs en betur má ef duga skal og þyrfti að semja samstarfsreglur og fjárhagsáætlun fyrir íþróttaráð sérstaklega.

7. Stjórn Íþróttaráðs kom samþykktum síðasta L.H. þings um umsókn inn í Í.S.Í. til allra deilda ásamt tillögu að breytingum á lögum deildanna eins og stjórn Í.S.Í. óskaði og uppkasti að umsókn með tilvitnum um lög í S.Í.

Íþróttadeild Fáks létt reyna á þetta í annað sinn. Þeir breyttu lögum deildarinnar með samþykki aðalfundar félagsins og sóttu síðan um inngöngu í Íþróttabandalag Reykjavíkur sem er aðili að Í.S.Í. Þessi umsókn fór fyrir sambandsstjórnarfund Í.S.Í. 16. apríl s.l. og var atkvæðagreiðslu um hana frestað í eitt ár til kynninga heima í héraði.

8. Stjórn Íþróttaráðs var boðið að skipa einn mann í millibinganefnd L.H. um agamál. Var Guðmundur Jónsson ritari skipaður en ekki boðaður á fundi nefndarinnar.

9. Stjórn Íþróttaráðs vann að úrtökumóti fyrir EM '83. Einnig valdi stjórnin two dómara þá Snorra Ólafsson, Sleipni og Benedikt Garðarsson, Gusti til að dæma og vera ritara á EM'83. Tveir úr stjórn Íþróttaráðs störfuðu í undirbúningsnefnd og síðast en ekki síst var formaður íþróttaráðs Sigurður Sæmundsson liðstjóri Íslands á EM'83.

10. Stjórn íþróttaráðs aðstoðaði og fylgdist náið með Íslandsmóti í hestaíþróttum sem haldið var að Faxaborg dagana 6. og 7. ágúst. Tókst framkvæmd mótsins með ágætum þrátt fyrir mjög óhagstætt veður, kalsa rigningu og rok. Keppnin var jöfn og spennandi, þátttaka góð, menn og hestar í mikilli æfingu.

11. Næsta verkefni stjórnar er undirbúningur fyrir 6. ársþing íþróttaráðs sem haldið verður á Akureyri í byrjun vetrar.

f.h. íþróttaráðs L.H.  
Guðmundur Jónsson, ritari.

26. STUTT YFIRLIT YFIR FJÓRDUNGSMÓT NORDLENSKRA  
HESTAMANNA 1983.

Mótið fór fram dagana 30. júní til 3. júlí 1983.

Mótsstaður: Melgerðismelar, Saurbærjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu.

Mótshaldarar: 16 hestamannafélög á Norðurlandi.

Framkvæmdastjórn:

formaður Gunnar Egilsson, Akureyri  
gjaldkeri Stefán Bjarnason Króksstöðum, Öngulsstaðahr.  
meðstjórnandi og mótsstjóri Rafn Arnbjörnsson, Dalvík  
framkvæmdastjóri Ævar Hjartarson, Akureyri.

Aðsókn að mótinu: Seldir 2.600 miðar. Endurgreitt  
v/starfsmanna 400 miðar.

Fjöldi staðinna vakað 389 auk aðalstarfsmanna, þannig að unnni  
dagsverk urðu ca 550.

Kynbótasýningar:

Stóðhestar með afkvæmum 2

Háfeti 804 frá Krossanesi hlaut 1. v. Eink. 8,12

Sleipnir frá Ásgeirsbrekku hlaut 2. v. Eink. 7,99

Hryssur með afkvæmum 3

Hlutu allar 1. v.

Stóðhestar 6 v og eldri 2 báðir hlutu II. v.

- 5 v 1 hlaut II. v.

- 4 v 1 hlaut II. v.

Hryssur 6 v. og eldri: Sýndar 12, 5 hlutu I. v.

Efst stóð Mugga 5476 frá Hólum með eink. 8,10

Hryssur 5 v: Sýndar 17, 2 hlutu I. v.

Efst stóð Eldey 5477 frá Hólum, 8,08 í eink.

Hryssur 4 v: Sýndar 14

Efst stóð Margrét 5669 Kolkuósi, eink. 7,92

Gæðingar.

A flokkur. Sýndir 35

Efstur stóð Straumur. Eigandi Guðlaug Reynisdóttir,

Bringu, Eyjafirði, eink. 8,55

B flokkur. Sýndir 38

Efstur stóð Kristall, eigandi Gylfi Gunnarsson, Akureyri,  
eink. 8,77

Unglingakeppni:

Yngri flokkur: Þátttakendur 14.

Efstur varð Kristinn Svanbergsson, Akureyri, eink. 8,23

Eldri flokkur: Þátttakendur 21.

Efstur varð Einar Hjörleifsson, Dalvík, eink. 8,09

Kappreiðar:

Kept var í öllum greinum hlaupa. Þátttaka var allgóð.

Ný framkvæmd:

Allt uppgjör á einkunnagjöf var unnið í tölvu og var hægt að  
sýna öll úrslit og einkunnir frá einstökum dómurum jafnóðum á skermi.  
Var hægt að dreifa til sölu úrslitum í A og B flokki og unglings-  
keppni nánast strax að keppni lokinni.

Er hér búið að ryðja braut til þess að hafa þennan hátt á komandi mótm. Mæltist þetta vel fyrir hjá áhorfendum auk þess sem þetta sparar mikla reiknivinnu og eykur öryggi í útreikningi.  
Kynbótahrossin voru einnig reiknuð út í tölvu, en þar sparast að visu ekki mikið í vinnu en öryggi í útreikningi verður meira.

Í heild má segja að mótið hafi gengið vel og óhappalaust.

Dagskrá mótsins stóðst algjörlega tímasetningar að undanteknu því að kappreiðar síðasta dag drögust á langinn og drögust mótt slit af þeim sökum um tvö tíma.

Þegar gengið hefur verið frá uppgjöri og öðru er mótt þetta varðar mun framkvæmdastjórn senda nánari skýrslu til L.H. um mótt.

27. ARSREIKNINGUR 1982

FYRIR

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFELAGA

28. REKSTRAR- OG EFNAHAGSREIKNINGUR PR. 31.12.1982

FYRIR

HESTINN OKKAR

Skýr.

Tekjur:		1982	1981
1) Ársgjöld sambandsfélaga .....	Kr.	283.385.00	Kr. 169.640.00
Starfsstyrkur úr ríkissjóði .....	"	2.000.00	" 2.000.00
Reiðskólastyrkur úr ríkissj. ....	"	3.000.00	" 3.000.00
Styrkur frá Æskul.ráði ríkisins .....	"	5.000.00	" 0
Tekjur frá Landsmóti '82 .....	"	80.000.00	" 0
2) Útgáfa blaðsins "Hestar" .....	"	94.710.50	" 0
Vaxtatekjur .....	"	<u>19.547.27</u>	" 27.418.49
Tekjur alls	Kr.	<u>487.642.77</u>	Kr. 202.058.49

Gjöld:

3) Laun og launakostn. ....	Kr.	133.554.55	Kr. 80.446.42
4) Annar rekstrarkostnaður .....	"	119.493.42	" 38.726.67
5) Þinghald og fundir .....	"	19.728.80	" 20.372.15
6) Akstur og ferðakostnaður .....	"	47.824.80	" 36.054.50
7) Námskeiðahald o.p.h. ....	"	3.840.00	" 13.268.30
8) Skógarhólar og Hvítárnes o.fl. ....	"	15.060.50	" 1.255.00
Landvernd árgjald .....	"	1.125.00	" 750.00
9) Annar kostnaður .....	"	37.536.90	" 10.990.25
10) Útgáfa smárita .....	"	5.858.50	" 599.50
11) Afskriftir .....	"	<u>15.478.05</u>	" 9.153.60
Gjöld alls	Kr.	<u>399.500.52</u>	Kr. 211.616.39

Hagnaður á rekstri Kr. 88.142.25 Kr. ( 9.557.90)EIGNIR:

<u>Veltufjármunir:</u>	1982	1981
17) Bankainnistæður .....	Kr. 171.526.71	Kr. 90.743.11
12) Fyrirfr, gr. kostn. ....	" 15.813.65	" 2.080.00
Landssamb. bóksala .....	" 0	" 2.200.00
13) Kvik sf. o.fl.v/kvikm. af Landsmóti .....	" <u>45.000.00</u>	" 0
Veltufjármunir alls	Kr. <u>232.340.36</u>	Kr. <u>95.023.11</u>

Fastafjármunir:

Kvikmyndir .....	Kr. 200.00	Kr. 200.00
14) Eignir á skrifstofu .....	" 19.200.00	" 21.000.00
15) Myndbandatæki og myndbönd .....	" 45.000.00	" 0
16) Girðing Hvítárnesi .....	" 6.600.00	" 8.800.00
Skógarhólar, hús og svæði .....	" <u>2.250.00</u>	" <u>2.250.00</u>
Eignir alls	Kr. <u>73.250.00</u>	Kr. <u>32.250.00</u>

Eignir alls Kr. 305.590.36 Kr. 127.273.11

SKULDIR OG EIGIÐ FE:

<u>Skammtimaskuldir:</u>	1982	1981
Ugr. kostnaður .....	Kr. 6.785.00	Kr. 2.000.00
18) Ofgr.-vandr. árgjöld .....	" 560.00	" 0
19) Samp. víxlar .....	" 50.000.00	" 0
Hljómbær (v/myndbands) .....	" 30.830.00	" 0
Eiðfaxi hf. (v/augl.v/myndbands) .....	" 4.000.00	" 0
Skuldir alls	<u>Kr. 92.175.00</u>	<u>Kr. 2.000.00</u>
<u>Eigið fé:</u>		
Oráðstafað eigið fé frá fyrra ári .....	Kr. 125.273.11	
Hagnaður skv. rekstrarreikningi 1982 .....	" 88.142.25	
Eigið fé alls	<u>Kr. 213.415.36</u>	<u>Kr. 125.273.11</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u>Kr. 305.590.36</u>	<u>Kr. 127.273.11</u>

Reykjavík, 15. október 1983

Gísli B. Björnsson

Við undirritaðir kjörnir endurskoðendur Landssambands hestamannafélaga höfum yfirfarið ársreikning Landssambandsins fyrir árið 1982.

Við höfum sannreynt að tilfærðar bankainnistiður eru fyrir hendi.

Birgðir af bókum lögum og reglugerðum eru ekki metnar til verðs í ársreikningum, og svo hefur heldur ekki verið í ársreikningum undanfarinna ára.

Miðað við þær reikningsskiladferðir, sem hefur verið, og að teknu tilliti til ofanritaðs, teljum við að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af rekstri Landssambandsins árið 1982 og stöðu þess 31.12.1982 og mælum því með samþykkt hans.

Reykjavík, 15. október 1983

Haraldur Sveinsson

Þorvaldur Þorvaldsson

## skýring

Tekjur:

	1982	1981
1) Askrift og lausasala .....	Kr. 659.342.80	Kr. 316.450.30
Auglýsingar .....	" 21.250.00	" 10.500.00
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	" 25.959.04	" 6.140.11
Tekjur alls	<u>Kr. 706.551.84</u>	<u>Kr. 333.090.41</u>

Gjöld:

Setning, prentun, umbrot (Prsm.Oddi hf.)	Kr. 397.554.00	Kr. 155.318.00
Myndir .....	" 3.330.00	" 2.600.00
Plastþökkun .....	" 16.741.60	" 6.645.50
Burðargjöld .....	" 23.181.10	" 17.113.05
2) Vinnulaun .....	" 32.138.09	" 7.320.00
Akstur, ferðakostn. o.b.h. .....	" 18.277.30	" 0
Fákur, þátttaka í skrifstofuvinnu .....	" 31.550.68	" 15.132.44
Gíró-og áskriftarseðlar .....	" 23.140.00	" 8.400.00
Tölvuvinnsla .....	" 13.638.00	" 8.179.00
Auglýsingar .....	" 7.554.00	" 0
Húsaleiga .....	" 2.460.00	" 2.460.00
Annað .....	" 4.453.65	" 2.447.50
Gjöld alls	<u>Kr. 574.018.42</u>	<u>Kr. 225.615.49</u>

## Tekjur umfram gjöld

Kr. 132.533.42 Kr. 107.474.92

EIGNIR:


skýring

<u>Veltufjármunir:</u>	1982	1981
Sparisj. Rvk. og nágr. spsjb. 36610 .... Kr.	212.556.54	Kr. 3.416.16
" " " ávr. nr. 24575 ... "	34.928.26	" 106.986.47
Útistandandi auglýsingar .....	" 8.500.00	" 10.500.00
Fyrirfr. gr. húsaleiga .....	" 1.240.00	" 3.700.00
Veltufjármunir alls	<u>Kr. 257.224.80</u>	<u>Kr. 124.602.63</u>
<u>Fastafjármunir:</u>		
Ahöld á skrifstofu .... kr.	539.48	
*afskr. áður .....	" 439.48	Kr. 100.00
Fastafjármunir alls	<u>Kr. 100.00</u>	<u>Kr. 100.00</u>
Eignir alls	<u>Kr. 257.324.80</u>	<u>Kr. 124.702.63</u>

skýring

<u>Skammtimaskuldir:</u>	1982	1981
Bergur Magnússon .....	Kr. 1.648.75	Kr. 1.560.00
Skuldir alls	Kr. 1.648.75	Kr. 1.560.00
<u>Eigið fé:</u>		
Eigið fé alls 1/l. '82 .... Kr.	123.142.63	
Tekjuafgangur 1982 .....	" 132.533.42	Kr. 255.676.05
Eigið fé alls	<u>Kr. 255.676.05</u>	<u>Kr. 123.142.63</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u>Kr. 257.324.80</u>	<u>Kr. 124.702.63</u>

Reykjavík, 10. október 1983


  
Gisli B. Björnsson

Við undirritaðir kjörnir endurskoðendur L.H., höfum yfirfarið framanskráðan ársreikning Hestsins okkar, fyrir árið 1982.

Við höfum sannreyst að tilfærðar bankainnistæður eru fyrir hendi.

Við teljum að miðað við þær reikningsskilaaðferðir sem fylgt er gefi ársreikningurinn glögga mynd af rekstri blaðsins árið 1982 og stöðu þess í árllok og mælum því með samþykkt hans.

Reykjavík, 10. október 1983

  
Haraldur Sveinsson  
Þorvaldur Þorvaldsson

## 29. Argjöld skv. ársskýrslum 1982

Andvari .....	105	félagar	Kr.	4.200.00
Blakkur .....	51	"	"	2.040.00
Blær .....	29	"	"	1.160.00
Dreyri .....	210	"	"	8.400.00
Faxi .....	271	"	"	10.840.00
Fákur .....	983	"	"	39.320.00
Feykir .....	61	"	"	2.440.00
Fél. tamningamanna .....	62	"	"	2.480.00
Freyfaxi .....	145	"	"	5.800.00
Funi .....	90	"	"	3.600.00
Geysir .....	344	"	"	13.760.00
Glaður .....	133	"	"	5.320.00
Glófaxi .....	25	"	"	1.000.00
Glæsir .....	103	"	"	4.120.00
Gnýfari .....	101	"	"	4.040.00
Goði .....	42	"	"	1.680.00
Grani .....	85	"	"	3.400.00
Gustur .....	394	"	"	15.760.00
Háfeti .....	97	"	"	3.880.00
Hornfirðingur .....	160	"	"	6.400.00
Hringur .....	110	"	"	4.400.00
Hörður .....	270	"	"	10.800.00
Kinnskær .....	40	"	"	1.600.00
Kópur .....	105	"	"	4.200.00
Léttfeti .....	151	"	"	6.040.00
Léttir .....	334	"	"	13.360.00
Ljúfur .....	82	"	"	3.280.00
Logi .....	125	"	"	5.000.00
Máni .....	160	"	"	6.400.00
Neisti .....	37	"	"	3.880.00
Öðinn .....	61	"	"	2.440.00
Seyðir .....	20	"	"	800.00
Sindri .....	153	"	"	6.120.00
Sleipnir .....	304	"	"	12.160.00

## Argjöld frh:

Smári .....	240	félagar	Kr.	9.600.00
Snarfari .....	48	"	"	1.920.00
Snæfellingur .....	220	"	"	8.800.00
Snæfaxi .....	75	"	"	3.000.00
Stígandi .....	182	"	"	7.280.00
Stormur .....	86	"	"	3.440.00
Sörli .....	266	"	"	10.640.00
Trausti .....	107	"	"	4.280.00
Pjálfí .....	149	"	"	5.960.00
Fráinn .....	51	"	"	2.040.00
Fytur .....	127	"	"	5.080.00
<u>7054 félagar</u>		<u>Kr.</u>	<u>282.160.00</u>	

(Gjald fyrir hvern félaga kr. 40.-)

## 30 Bestu tímar kappreiða sumarsins 1983

250 m. skeið:

1. Villingur frá Möðruvöllum, skeiðaði á Faxaborg 6.8. á 21.6, sek.

150 m. skeið:

1. Leistur frá Keldudal, skeiðaði á Faxaborg 6.8. á 13.8, sek.

250 m. stökk:

1. Hylling frá Nýjabæ, hljóp á Vindheimamelum 31.7. á 18.2, sek.

350 m. stökk:

1. Spóla frá Máskeldu, hljóp á Víðivöllum 9.7. á 24.0, sek

800 m. stökk á hringvelli:

1-2. Tvistur frá Götu, hljóp á Víðivöllum á stórmóti 9.7. á 59.6 sek.

1-2. Örvar frá Hjaltastöðum, hljóp á Víðivöllum 9.7. á 59.6, sek.

800 m. stökk:

1 Cesar frá Björgum, hljóp á Vindheimamelum 31.7. á 59.7, sek.

300 m. brokk:

1. Sörli úr Húnavatnssýslu, brokkaði á Hellu 14.8. á 37.1 sek

800 m. brokk:

1. Trítill úr Skagafirði, brokkaði á Faxaborg 17.7. á 1.37,0 mín.